

L Ö G

47

23. febr.

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftir 1. mgr. 1. greinar laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur getur ríkisstjórnin sagt upp leigusamningum um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. september 1941, sé aðkallandi nauðsyn á að rýma fyrir opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskytt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði, eða ef brýn þörf er fyrir húsnæðið vegna skrifstofuhalds eða annarrar starfrækslu í opinbera þágu eða vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

48

23. febr.

um skipakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa fiskiskip erlendis með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum í hendur til útgerðar.

2. gr.

Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 15 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 2 millj. kr. lán til ráðstöfunar samkvæmt XXIV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.